

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 7. júní 2016 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Bjarki Karlsson, Brynhildur Þórarinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Haraldur Blöndal, Hilmar Hilmarsson, Hjörtur Hjartarson, Jóhann R. Kristjánsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þórhildur S. Sigurðardóttir. Ármann Jakobsson varaformaður, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Guðrún Rögnvaldardóttir, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sölvi Björn Sigurðsson og Þröstur Helgason tilkynntu forföll. Iuliana Kalenikova mætti ekki. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Umræður um væntanlega ályktun ÍM – íslenskan á Netinu

Sjá fg. stj. ÍM 4/2016, 3. lið. Fyrir fundinn var óskað eftir tillögum um áhersluatriði í væntanlegri ályktun í nóvember um stöðu íslenskrar tungu.

Fundarmenn töldu að vefurinn bækur.is, sem Landsbókasafn rekur, gæti verið heppilegur vettvangur til að geyma stafrænan menningararf, gæðatextasafn sígildra íslenskra verka (sjá fg. stj. ÍM 2. lið 2/2016). Eiríkur nefndi að þingsályktun Ragnheiðar Ríkharðsdóttur um varðveislu íslenskrar menningararfleifðar á stafrænu formi árið 2011 (<http://www.althingi.is/altext/140/s/0118.html>) fjallaði um sumt það sama og þessar hugmyndir.

Eiríkur greindi frá því hverju fram yndi í máltæknimálum (sjá skýrslu nefndar um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni: <http://www.visir.is/assets/pdf/XZ2099420.PDF>). Unnið væri í menntamálaráðuneyti að áætlun um framkvæmd hennar og hvernig mætti gera hana „söluvænlegri“. Fjallað verður um stöðu mála í máltækni í ályktuninni.

Bjarki nefndi að ef til vill væri óþarfi að álykta um landsaðgang fyrir alla að Snöru.is þar sem von væri á nýrri íslenskri orðabók frá Árnastofnun á Málið.is í haust. Formaður nefndi að orðabók Sigfúsar Blöndals væri komin á bækur.is.

Brynhildur sagði að huga þyrfti að því að börn ælust upp við íslenskt lesefni á Netinu. Hjörtur nefndi að útfæra þyrfti þá hugmynd hvernig á að koma menningararfnum fyrir rafrænt. Fundarmönnum leist vel á að hafa sem flest áhersluatriði sem tengjast íslenskunni á Netinu í ályktuninni.

Hilmar spurðist fyrir um hvernig ástandið væri í menntunarmálum í máltækni. Eiríkur sagði að MA-nám í máltækni stæði höllum fæti og óvíst væri um áframhaldandi samstarf HÍ og HR á því sviði.

2. Nýjar ritreglur – fréttir og framhald endurskoðunar

Sjá fg. stj. ÍM 4/2016, Mál til bókar. Formaður greindi frá því hvað væri að fréttu af nýjum ritreglum. Í undirbúningi væri í ráðuneytinu auglýsing um nýjar ritreglur sem myndi leysa af hólmi auglýsingar um stafsetningu frá 1974 og 1977. Starfsmenn ráðuneytis hafa verið í samskiptum við stjórn ÍM um orðalag auglýsingar og vænst er þess að hún verði birt fljótlega í Lögbirtingablaðinu.

Formaður sagði að gott gæti verið að huga að endurskoðun reglna um greinarmerki þar sem nú sæi fyrir endann á endurskoðun ritreglna og stefna að því að þær yrðu auglýstar af ráðuneyti eins og fyrirhugaðar ritreglur. Ritari hefur hvatt til verksins og hefur boðist til að taka saman drög að nýjum reglum um greinarmerki næsta vetur sem hægt yrði að leggja fyrir málnefndina. Var tekið vel í það. Bjarki sagði að huga þyrfti að afstöðu greinarmerkja til tjámerka eða svipa (e. *emojis, emoticons*) eins og hann kallar þá.

3. Önnur mál

a) Málþing ÍM og Radda 12. maí í Norræna húsinu

Hilmar sagði stuttlega frá vel heppnuðu málþingi Íslenskrar málnefndar og Radda 12. maí í Norræna húsinu. Á þinginu skrifaði mennta- og menningarmálaráðherra, Illugi Gunnarsson, og formaður Radda, Ingibjörg Einarsdóttir, um eins árs fjárstuðning ráðuneytis við Stóru upplestrarkeppnina.

b) Ásókn ensku á ýmsum vettvangi (sjá fg. stj. ÍM 4. lið b 4/2016)

Jóhann, sem er þýðandi, sagði að það yrði sífellt algengara að fyrirtæki sem starfa á alþjóðamarkaði óskuðu eftir því að ákveðin orð væru látin óþýdd í þýðingum. Það væri rökstutt með því að það yrði að hafa texta og leiðbeiningar sem einfaldastar fyrir starfsmenn og til að hafa sameiginlegan grunn á milli mála. Jóhann sagðist einnig vera mjög andvígur orðinu *app* í íslensku.

Sölvi Björn sendi hugleiðingar um ásókn ensku til ritara fyrir fundinn og sagði m.a.: „[Ég] tel þvert á móti að það væri auðgandi við dvöl hér að fá að sjá íslensku orðin okkar samhliða þeim ensku. Ferðamannaíðnaðurinn vex svo hratt að hann gæti vel haft mótandi áhrif til framtíðar á það hvernig við kjósum að miðla upplýsingum. Svo það er full ástæða til að hafa varann á.“ Sölvi segir einnig: „Væri jafnvel skemmtilegt að hafa lítinn dálk í kynningarbæklingum/söluseðlum flugfyrirtækjanna þar sem íslensk tunga væri kynnt á áhuga-verðan og léttan hátt [...]. Það væri að mínu mati hið minnsta engin ofrausn þótt fólk fengi tilfinningu fyrir því að það er að koma til lands með langa sögu og þjóðar sem talar eina af elstu núlifandi þjóðtongum Evrópu.“

c) Ný málstefna HÍ

Eiríkur greindi frá því að ný málstefna Háskóla Íslands hefði verið samþykkt í háskólaráði 19. maí. Stefnuna má sjá hér: http://www.hi.is/adalvefur/malstefna_haskola_islands

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.40.

Guðrún Kvaran
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson
sign.